



ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ REYKJANESBÆJAR (ÍT)
OG
ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJANESBÆJAR (ÍRB)
gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um greiðsluþátttöku Reykjavísbæjar vegna íþróttþjálfunar barna og ungmenna.

Samkvæmt samningi þessum greiðir Íþróttá- og tómsundaráð eftirfarandi styrk til Íþróttabandalags Reykjavísbæjar vegna íþróttþjálfunar barna og ungmenna í Reykjavísbæ:

- **Kr. 24.000.000.- vegna íþróttþjálfunar barna 18 ára og yngri.**

Greiðslufyrirkomulag er með þeim hætti að frá og með 10. febrúar 2020 eru kr. 2.400.000 greiddar til ÍRB og svo sama upphæð 10. hvers mánaðar en lokagreiðsla er 10.nóvember 2020.

Íþróttabandalag Reykjavísbæjar mun sjá um að deila fjárstyrknum til deilda og félaga innan ÍRB samkvæmt samþykktu viðmiði ÍRB frá árinu 2002, sem m.a. felur í sér að við skiptingu fjármagns til deilda og félaga innan ÍRB er tekið tillit til starfstíma og fjölda iðkenda í viðkomandi deild/félagi, þ.e. **iðkendafjöldi x starfstími á ári.**



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJANESBÆJAR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Reykjanesebær

vellíðan fyrir alla

Markmið með samningi þessum er að stuðla að því að sem flest börn og unglingar í Reykjanesebæ eiga þess kost að stunda íþróttir og njóta leiðsagnar menntaðra þjálfara.

Greiðslur skulu vera í samráði við fjármálastjóra Reykjanesebæjar og samþykktar af íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesebæjar.

Íþrótt- og tómstundaráð tekur undir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og gerir kröfur um að neðangreint verði yfirfarið:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélög til að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félaga sem bjóða upp á tómstundaiðkun fyrir börn og unglinga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að félög sýni fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi sínu. Séu slíkar reglur nú þegar til staðar hvetur stjórn sambandsins sveitarfélög til að yfirfara sínar stefnur með þetta í huga.“

Íþrótt- og tómstundaráð óskar eftir að fá senda stefnu íþróttabandalags Reykjanesebæjar er varðar hverskyns ofbeldi og áreitni fyrir 01. júní 2020.

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift og gildir til 31. desember 2020.

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Reykjanesebæjar.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanesebær _____ 2020

F.h. ÍT- ráðs

F.h. ÍRB